

## Fundargerð 11. fundar stjórnar SSA haldinn 17.apríl 2023.

Fundurinn var haldinn í Végarði í Fljótsdal og hófst hann kl 14:30

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir gestir: Undir fundarlið 1 voru fulltrúar úr sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og stjórnarmenn Austurbrúar þau Þráinn Lárusson og Sæunn Stefánsdóttir sem gestir fundarins. Undir fundarlið 4 mætti Stefán Bogi Sveinsson til fundar við stjórn. Allan fundinn sat einnig Dagmar Ýr Stefánsdóttir verðandi framkvæmdastjóri.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn

### 1. Fundur SSA með fulltrúum Fljótsdalshrepps

*Gestir fundarins undir þessum lið vou fulltrúar sveitarstjórnar og sveitarstjóri Fljótsdalshrepps. Helgi Gíslason sveitarstjóri fór yfir helstu málefni á vettvangi Fljótsdalshrepps m.a. þróun og stöðu atvinnulífs í Fljótsdal, áherslur í uppbyggingu innviða auk fleiri mála. Þá voru rædd ýmis málefni sem tengjast starfssemi sveitarfélaga almennt í dag.*

*Stjórn þakkaði fyrir góðan fund, gagnlegar og upplýsandi umræður. Bauð Fljótsdalshreppur upp á kaffiveitingar í framhaldi af fundi og lauk því kl. 16:00.*

Tók þá við fundur stjórnar Austurbrúar til kl 17:00 og í framhaldinu af þeim fundi voru aðrir dagskrárlíðir sem tengjast dagskrá SSA framhaldið með stjórn SSA, verðandi framkvæmdastjóra og gesti undir fundarlið 4.

### 2. Fundargerð SSA nr. 10

*Fundargerðin var samþykkt og verður undirrituð rafrænt.*

### 3. Undirbúningur aðalfundardags

- Ársreikningur SSA 2022 - Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning ársins 2022 fyrir stjórn og var hann samþykktur af stjórn og undirritaður.
- Fjárhagsáætlun SSA 2023 og 2024 - Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun SSA fyrir árin 2023/2024. Stjórn vísar málinu áfram til fjárhagsnefndar SSA til frekari vinnslu.
- Ársreikningur Minningarsjóðs – Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og undirritaður.
- Ársreikningur Atvinnuþróunarsjóðs – Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og undirritaður.
- Önnur mál tengt frágangi ársreikninga - Framkvæmdastjóri óskaði eftir samþykki stjórnar um að ganga frá lokun Atvinnuþróunarsjóðs með því móti að þeim óverulegu eignum sem eru til staðar sé ráðstafað í verkefni SSA sem sinnt er af Austurbrú við slit sjóðsins. Er þetta í samræmi við ráðleggingar endurskoðanda SSA og Austurbrúar. Stjórn SSA samþykkir fyrirkomulagið og felur framkvæmdastjóra að ganga frá slitum sjóðsins á þeim nótum sem um var rætt.

#### 4. Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

*Stefán Bogi Sveinsson kom inná fundinn og fór yfir ásamt framkvæmdastjóra tillögu að útfærslu á færslu hlutverks svæðisskipulagsnefndar til stjórnar SSA. Framkvæmdastjóra og Stefáni Boga falið að vinna málið áfram á grunni umræða og senda síðan áfram til samþykktar hjá sveitarfélögunum.*

*Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála er varðar heimasíðu svæðisskipulagsins og næstu skref í innleiðingu þess.*

#### 5. Önnur mál

- Sambandið, námskeið fyrir sveitastjórnarfólk – Framkvæmdastjóri lagði til að námskeiðsdagurinn yrði tengdur við haustþing SSA. Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram með málið í samræmi við umræður á fundinum.
- Skipun varamanns í stjórn StarfA – Stjórn tilnefnir Dagmar Ýr Stefánsdóttir sem varamann í stjórn StarfA
- Sternamálið – Framkvæmdastjóri kynnti stöðu málsins.

Ekki fleiri mál á dagskrá, fundi slitið kl. 18:10